


Launamunur kynjanna

Náttúrulögmál *eða* manna verk?

Niðurstöður skýrslu Jafnréttisráðs um kynbundinn launamun 1995.



Kynbundinn launamunur er staðreynd hvert sem lítið er á íslenskum vinnumarkaði. Taflan hér að ofan staðfestir það sem Kvinnalístakonur hafa ætíð haldið fram.

Launamunur kynjanna vex með aukinni menntun. Háskóla-menntaðar konur hafa aðeins 64% af launum karla. Ástandið er skárri hjá fólki sem lokið hefur framhaldsskólamenntun og minnstur er munurinn milli kynjanna hjá þeim sem hafa lokið grunnskóla. Þegar lítið er á heildartekjur kynjanna kemur í ljós að konur fá einungis 50% af tekjum karla (Tölur frá Hagstofu Íslands, 1994).

Launamunur kynjanna er ekki náttúrulögmál heldur manna verk. Þess vegna getum við breytt þeim veruleika sem nú blasir við.

Vertu með – veldu V

Viðskiptalíf í gjörgæslu

Baldur og Hildur eru tvíburar fædd árið 1970. Þau fylgdust að í gegnum grunnskóla og menntaskóla.

Bæði völdu fjögurra ára námsbrautir í Háskóla Íslands, hún hjúkrunarfræði, hann viðskiptafræði. Þau luku námi síðastliðið vor. Bæði voru svo heppin að fá strax starf við hæfi.

Hildur vinnur á gjörgæsludeild sjúkrahúss. Baldur í ráðuneyti. Bæði gegna mikilvægum störfum. Grunnlaun Hildar eru kr. 72.992- á mánuði. Baldur fær kr. 81.003- í grunnlaun.

Samkvæmt nógildandi kjarasamningum yrðu grunnlaun Hildar eftir 20 ár í starfi kr. 98.991-. Baldur fengi kr. 127.353- að 20 árum liðnum.

Skyldi þessi munur liggja í eðli starfanna? Fylgir því meiri ábyrgð að vaka yfir viðskiptahagsmunum en mannlífum?

Margir halda að jafnri stöðu kynjanna sé náð. Það héldu Baldur og Hildur líka.

Konur eru fyrirvinnur ekki síður en karlar. Konur krefjast efnahagslegs sjálfstæðis.

Efnahagslegt sjálfstæði er forsenda kvenfrelsis.

Kvenfrelsi er ekki einungis fyrir konur. Kvenfrelsi er hagsmunamál allra, karla, kvenna og barna.

Launajöfnuður milli kynja skilar sér í meiri samveru og samvinnu allrar fjölskyldunnar.

Kvinnalístin hefur frá upphafi unnið dyggilega að því að rétta stöðu kvenna á vinnumarkaði. Með það fyrir augum hafa þingkonur Kvinnalístans lagt fram fjölda frumvarpa og tillagna á Alþingi.

Þú hefur ábrif. Með þínum stuðningi getur Kvinnalístin komið á launajafnrétti.

Kvennalistinn vill:

- algjöra uppstokkun launakerfisins,
- láta fara fram ókynbundið starfsmat,
- tryggja að lægstu laun dugi til framsærslu,
- endurskoða gildandi lög um vinnumarkaðinn, m.a. í þeim tilgangi að tryggja jafnan rétt kynjanna,
- að ákvæðum jafnréttislaganna verði framfylgt,
- uppræta hugsunarhátt, sem birtist í úreltum viðhorfum til stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Launajafnrétti kynjanna er mannréttindamál.

Þess vegna er og verður launajafnrétti forgangsmál Kvennalistans í ríkisstjórn.



Komdu og kynntu okkur.
Kvennalistinn hefur
skrifstofur í öllum
kjördæmum landsins.
Leitaðu upplýsinga hjá
Samtökum um
Kvennalista í sína:
551 3725 í Reykjavík.

Við erum á Internetinu.
Netfangid er:
kvennalistinn@skima.is

V - erum við - Kvennalistinn

FRAMTÍÐARSÝN KVENNALISTANS

Launa- og kjaramál

Vertu með - veldu V



**LAUNAJAFNRÉTTI
KYNJANNA**